

Reykjavík 12.05.2020

Reykjavíkurborg
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Málsnr.: 219120130
Skjalasafn Ráðhúss
15. maí 2020
Bréfalykill: 670

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Hverfisskipulag, Kjalarnes

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 var lagt fram erindi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 16. desember 2019 vegna samþykktar frá fundi íbúaráðs Kjalarness um að vísa tillögu Íbúasamtaka Kjalarness um skipulagsmál til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. janúar 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. janúar 2020 samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa

Þuríður Guðmundsdóttir
Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. janúar 2020.



Reykjavík 21. janúar 2020

Varðar: Hverfisskipulag, Kjalarnes, tillaga Íbúasamtaka Kjalarness um skipulagsmál.

Lagt er fram erindi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 16. desember 2019 vegna samþykktar frá fundi íbúaráðs Kjalarness um að vísa tillögu íbúasamtaka Kjalarness um skipulagsmál til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Í erindinu er talað um að “.. nýtt hverfisskipulag nái til Kjalarnessins alls frá Kiðafellsá til marka austan Skálafells. Lögð verði eins og áður áhersla á að á Kjalarnesi verði vistvæn byggð og byggðakjarninn í Grundahverfi verði af þeirri stærð að hann teijist sjálfbær um alla nauðsynlegustu þjónustu og verðug þess að tengjast m.a. borgarlínu. Til undirbúnings nýju hverfisskipulagi verði þegar í upphafi árs 2020 hafin vinna við að ljúka ofanflóðahættumati fyrir Esjurætur og Kistufell og skilgreina helgunarsvæði 2x2 þjóðvegjar ásamt leiðum til að takast á við hljóðmengun frá veginum. Með þessu kemur í ljós nýtanlegt land fyrir íbúabyggð milli fjalls og vegar sem er lykkillinn að frekari þróun á því svæði.. ”.

Vinna við samráð á Kjalarnesinu hófst í byrjun árs 2017 og þá byggðu krakkarnir í Klébergsskóla m.a. líkan af byggðinni í Grundarhverfi og í framhaldinu var haldinn íbúðafundur með borgarstjóra 30. mars 2017. Í kjölfarið var ekki unnið meira í hverfisskipulagi fyrir borgarhlutann, vegna þess að ákveðið var vorið 2017 að einbeta sér að því að fullgera eitt hverfisskipulag áður, og þá fyrir borgarhluta nr. 7, sem var síðan staðfest í lok árs 2019.

Niðurstaða

Lagt er til að skoðað verði í hverfisskipulagi framtíðarsýn fyrir Kjalarnesið í heild sem nýst getur við endurskoðun á einstökum þáttum í aðalskipulagi Reykjavíkur er varðar t.a.m. landbúnaðarsvæði á Kjalarnesinu. Hverfisskipulagið og þeir skilmálar sem gilda á Kjalarnesi munu þó fyrst og fremst ná til gróinnar byggðar á Grundarhverfi skv. skipulagsreglugerð og túlkun Skipulagsstofnunar.

Í drög að vinnuáætlun fyrir Kjalarnesið þá er lagt til að formleg vinna hefjist haustið 2020, eða þegar sér fyrir endann á þeirri sem nú stendur yfir varðandi að formgera og klára fyrir Hlíðar, Háaleiti/ Bústaðir og Breiðholtið. Jafnframt er lagt til að þessi vinna verði tengd vinnu við endurskoðun á köflum í aðalskipulagi fyrir aðalskipulag Reykjavíkur. Fyrstu verkþættir væru m.a. samráðsfundur með íbúum og hagsmunaaðilum áður en útbúin yrði verklýsing með skipulagsforsendum og greiningum á byggðinni og möguleikum svæðisins sem yrðu gerð aðgengileg almenningi og send umsagnar- og hagsmunaaðilum.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /Ævar Harðarson, Björn I. Edvardsson